

Fundargerð 10. fundar stjórnar SSA 20. júní 2017

Fundurinn hófst kl. 12.30 í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi á Egilsstöðum. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir voru Sigrún Blöndal, Andrés Skúlason, Hákon Hansson, Margrét Guðjónsdóttir, Gunnar Jónsson, Jón Björn Hákonarson og Stefán Grímur Rafnsson.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerð frá 9. stjórnarfundi SSA, 7. fundi framkvæmdaráðs SSA og 5. fundi samgöngunefndar SSA lagðar fram til samþykkis. Fundargerð 12. fundar stjórnar SvAust ehf. lögð fram til kynningar. Formanni falið að ræða við verkefnisstjóra svæðisskipulags Austurlands um framtíðar starfshlutfall hans.
2. Fundargerðir frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Eyþingi, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, stýrihópi Stjórnarráðsins um Byggðamál og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur. Lagt fram til kynningar og eftir atvikum afgreiðslu.
 - a) Ársskýrsla HAUST. **Stjórn SSA lýsir ánægju sinni með ítarlega og vandaða ársskýrslu.**
 - b) Raforkubörf Austurlands.
 - c) Staða leiguíbúða.
 - d) Svar við fyrirspurn um skipan ráðgjafanefnda heilbrigðisumdæma.
 - e) Talnamynd af Austurlandi.
 - f) Umsögn SÍS um málefni fatlaðra.
 - g) Kynning – heimagisting.
 - h) Íbúðalánasjóður - húsnæðisáætlanir.

2. Almenningsamgöngur

1. Erindi frá Fjarðabyggð. Samþykkt að veita Fjarðabyggð styrk af þróunarfé verkefnis upp á 2,5 milljónir króna. Óskað er eftir greinargerð um árangur verkefnis fyrir 1. desember nk.
2. Þróunarstyrkir – tillaga stjórnar SvAust ehf. Stjórn SSA samþykkir tillöguna og felur verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála að vinna að málinu.



3. Innri málefni.

1. Áritun árssreiknings SSA 2016 og athugasemdir skoðunarmanna. Gestur: Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar. JÁÞ kynnti reikninginn, niðurstöður skoðunarmanna og könnunarskýrslu endurskoðenda. Því næst var staðfestingarbréf undirritað af stjórn og framkvæmdastjóra (JÁÞ).
2. Fjárhagsáætlun SSA. BB fór yfir fjárhagsáætlun og forsendur hennar. Vísað til frekari umræðu á vinnufundi stjórnar í ágúst.
3. Dagskrá aðalfundar SSA 2017 – staða. Farið yfir stöðu við dagskrá, ræðumenn og gesti fundarins.
4. Gerð sameiginlegrar húsnæðisáætlunar á Austurlandi - staða. Lögð fram fundargerð frá fyrsta fundi starfshóps og farið yfir hugmyndir að verklagi þeirra.
5. Þjónustusamningar SSA og Austurbrúar. Framkvæmdaráði falið að fara yfir samþykktir Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, skipulagsskrá fyrir Austurbrú ses., samstarfssamning og þjónustusamning milli SSA og Austurbrúar og starfslýsingu verkefnisstjóra auk tillagna starfsháttanefndar frá 2014. Framkvæmdaráð leggi fram greinargerð og tillögur að breytingum fyrir vinnufund stjórnar SSA í ágúst nk.
6. Minningarsjóður Ragnildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar. Stjórn SSA ákvað að ekki yrði úthlutað úr sjóðnum í ár.

4. Önnur mál.

1. Tilnefning í skólanefnd Verkmenntaskóla Austurlands. Stjórn samþykkir að tilnefna sem aðalmenn Jón Björn Hákonarson og Anna Margrét Sigurðardóttur og sem varamenn Jón Þórðarson og Berglind Steina Ingvarsdóttir. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að koma tilnefningunni á framfæri við mennta- og menningarmálaráðuneytið.
2. Ósk um umsögn. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að vinna umsögn um þingsályktunartillögu um eigendastefnu ríkisins varðandi bújarðir í samráði við formann.
3. Skýrsla sveitarstjórnar- og samgönguráðuneytis um innanlandsflug. Framkvæmdaráði falið að ganga frá bókun fyrir hönd SSA um helstu niðurstöður skýrslunnar.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 17. og 18. ágúst kl. 18.00 á Vopnafirði.

Fundi slitið kl. 16.20.



Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Gunnar Jónsson

Hákon Hansson

Andrés Skúlason

Margrét Guðjónsdóttir

Stefán Grímur Rafnsson

